

REGLUR UM STÖÐULEYFI

1. gr.

Allir sem eru með gáma, báta, torgsöluhús, frístundahús í smíðum, sem ætlað er til flutnings, eða stór samkomutjöld skulu sækja um stöðuleyfi til byggingarfulltrúa ef framangreindir lausafjármunir eiga að standa lengur en tvo mánuði utan þeirra svæða sem þeim er ætlað samkvæmt skipulagi sbr. b. liður 2.6.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012, sbr. 9. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

2. gr.

Innheimt er gjald fyrir útgefið stöðuleyfi óháð fjölda, lausafjármuna á hverri lóð, skv. gjaldskrá fyrir leyfisveitingar og þjónustu byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa í Hafnarfirði.

3. gr.

Sé eiganda eða ábyrgðarmanni viðkomandi gáms eða annars lausafjármunar veitt stöðuleyfi eða viðkomandi hlutur staðsettur utan skilgreinds gámasvæðis skal staðsetja hann þannig að almenningi stafi ekki hætta af, t.a.m. er ekki heimilt að stafla gámum ofan á hvern annan. Einnig er ekki heimilt að setja lausafjárnuni ofan á gám. Gæta skal að ekki sé hætta á að eldur geti borist frá þeim í aðliggjandi hús og gámar takmarki ekki fjölda bílastæða á lóð. Ennfremur skal þess gætt að aðgengi slökkviliðs að aðliggjandi húsum sé ekki torvelað sbr. 3. mgr. 2.6.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012, sbr. 9. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Þegar sótt er um stöðuleyfi á fjöleignarhúsalóð, skal liggja fyrir samþykki meðeigenda fyrir fjölda og staðsetningu á gámum. Ekki er hægt að staðsetja gáma við lóðarmörk nema með samþykki aðliggjandi lóðarhafa. Ekki er heimilt að staðsetja gám innan íbúðarhverfis lengur en 2 mánuði.

4. gr.

Byggingarfulltrúa er heimilt að fjarlægja þá lausafjárnuni sem getið er í 3. gr. og eru án stöðuleyfis. Gámur er þá hýstur á þar til gerðu geymslusvæði á kostnað eiganda eða ábyrgðarmanns. Eiganda eða ábyrgðarmanni skal veittur eðlilegur frestur til að fjarlægja þá, þó aldrei lengri en einn mánuður, að öðrum kosti er það gert á kostnað eiganda eða ábyrgðarmanns. Sama á við ef handhafi stöðuleyfis uppfyllir ekki kröfur stöðuleyfis, sbr. 2.6.2. gr. reglugerðar nr. 112/2012, sbr. 9. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Hafnarfjarðarbær áskilur sér rétt til að takmarka gámafjölda á lóð svo sem vegna öryggisástæðna og bílastæðafjölda.

5. gr.

Fyrirtæki sem eru í gámaflutningum tilkynni byggingarfulltrúa fjölda gáma sem ekki á að greiða fyrir vegna flutninga.

6. gr.

Reglur þessar eru settar með vísan til byggingarreglugerðar nr. 112/2012, með síðari breytingum, og 9. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010, með síðari breytingum.

Samþykkt í skipulags- og byggingarráði 23.3.2021

Samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 14.4.2021